

1866.
26. maí.

borgað uppí það, og hversu mikið þá stendur eftir, og loks að fá frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og senda hingað nákvæma skýrslu um fê það, sem hann smátt og smátt hefir borgað uppí hluta sýslu sinnar af skuldinni.

26. maí.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Í skjali nokkru, er hingað barst með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 27. janúarmán. þ. á., hafa hreppstjórnarnir í Torfastaða hrepp í Húnavatnssýslu borið sig upp undan úrskurði amtsins 15. júlímán. 1862, er ákvað, að drengurinn Guðmundur Helgason, sem þá var hjá móður sinni og seinni manni hennar, en þeim var lagt af sveit í Staðar hrepp, ætti framfærslu rétt í Torfastaða hrepp, þar sem faðir hans átti sveit, þegar hann dó; halda hreppstjórar þessir því fram, að drengurinn hljóti að hafa orðið sveitlægur á þeirri sveit, þar sem móðir hans öðlaðist framfærslurétt þegar hún giptist í annað sinn.

Um þetta skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess að þér birtið það, að þaræð ofangreindur Guðmundur Helgason var yngri en 16 ára að aldri, þá er amtið lagði úrskurð á málið, þá kemur það í þessu tilfelli ekki til greina, samkvæmt því sem ákveðið er í úrskurði dómsmálastjórnarinnar 10. marzmán. 1863, hvar hann sé sveitlægur, heldur verður að álíta styrk þann, sem veittur hefir verið honum til framfæris, eins og hann hefði verið veittur foreldrum hans, og þaræð enginn ágreiningur er um, að þau eiga sveit á Staðar hreppi, verður sá hreppur að greiða kostnað þann, er varið er honum til framfæris þangað til hann er 16. ára að aldri.